



KPMG ehf.
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

STAÐFESTING UMSÝSLU-OG VEÐGÆSLUAÐILA

12. september 2023

Varðar Grósku ehf., kt. 680515-1580

Vísað er til umsýslu- og veðgæslusamnings dags 9. maí 2022 milli Grósku ehf., sem lántaka, veðhafa og KPMG ehf., sem umsýslu- og veðgæsluaðila f.h. veðhafa („**Umsýslu- og veðgæslusamningurinn**“).

Samkvæmt ákvæði greinar 6.1. d) í Umsýslu – og veðgæslusamningnum er kveðið á um að veðgæsluaðilinn, þ.e. KPMG ehf., útibúi staðfestingu þessa á sex mánaða fresti. Þau hugtök sem notuð eru í staðfestingu þessari og ekki eru sérstaklega skilgreind skulu hafa þá merkingu sem kveðið er á um í Umsýslu – og veðgæslusamningnum.

Með hliðsjón af ákvæði greinar 6.1. d) í Umsýslu- og veðgæslusamningnum staðfestir veðgæsluaðili hér með að hafa sannreynt útreikninga lántaka á fjárhagslegum skilyrðum samkvæmt fjármögnunarskjölunum miðað við þann 30. júní 2023:

1. Útreiknað veðhlutfall/lánþekja miðað við prófunardagsetninguna 30. júní er 34,7% en skv. viðauka við útgáfulýsingu skal hlutfallið ekki vera herra en 85% og
2. vaxtaþekja nemur 1,31 en skv. fyrirnefndum viðauka skal hún ekki vera lægri en 1,5 m.v. sömu dagsetningu.

Staðfestir umsýslu- og veðgæsluaðili að vanefndatilvik samkvæmt fjármögnunarskjölunum hafi komið upp í starfsemi lántaka á því tímabili sem skýrslan tekur til en lántaki hafi bætt úr. Vaxtaþekja er undir 1,5 eins og fram kemur hér að ofan. Í tl. 53 í **Viðauka – skilmálar skuldabréfs** um úrbætur fjárhagslegra skilyrða segir; „Til úrbóta á vaxtaþekju getur útgefandi gefið út nýtt hlutfé og/eða tekið vikjandi lán. Fjármunir sem þannig fást getur útgefandi nýtt til að bæta því við sem upp á rekstrartekjur vantar, þannig að skilyrði um vaxtaþekju séu uppfyllt innan tilskilins frests.“ Vikjandi lán að fjárhæð 150 m.kr. var gefið út og þá nemur vaxtaþekja 1,98. Samkvæmt upplýsingum frá forráðamönnum félagsins hefur jafnframt verið samið um endurfjármögnun á óverðtryggnu framkvæmdaláni með verðtryggnu veðskuldabréfi.

Afrit staðfestingarinnar er sent skuldabréfaeigendum í gegnum kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar.

Virðingarfyllt,

f.h. KPMG ehf., sem veðgæsluaðili

Helga Harðardóttir, endurskoðandi